

Gjöf sólarinnar

Kennari: Jæja krakkar mínir, nú ætlum við að setja upp kyrrmyndir af Gjöf sólarinnar. Munið þið eftir þeirri sögu? Gott en munið þið hvað kyrrmyndir eru? Já alveg rétt. Kyrrmyndir segja okkur söguna á myndrænan hátt. Fyrst farið þið í kyrrmynd og svo í spuna.

En okkur vantar sögumann, einhvern sem leiðir söguna áfram. Vilt þú vera sögumaður? Frábært, þá byrjum við.

1 atriði

Thulani elskaði að baða sig í sólinni allan daginn. Það var ekki fyrr en sólin var við það að setjast að hann stóð upp og fór að mjólka kúna.

Einn daginn sagði hann:

Thulani: Ég er þreyttur á því að þurfa að mjólka kúna alla daga. Ég sel hana bara og fæ mér geit.

Snemma næsta morgun hélt Thulani af stað með kúna og kom til baka seinna um daginn með gamla geit í taumi.

Dóra: „Ó, Thulani. Hvað hefur þú gert? Þú seldir kúna og nú fáum við enga mjólk, hvað getur geit gert fyrir okkur?“



Thulani: Geitur sjá um sig sjálfar.

Dóra snéri sér við og gekk í burtu til að týna banana.

Kennari: Frábært, þetta gengur ljómandi vel.

2 atriði

Thulani fór aftur að baða sig í sólinni þar til einn daginn að geitin komst inn í húsið þar sem kornið var og át það.

Dóra: Vaknaðu, Thulani, bannsett geitin hefur étið allt kornið okkar. Nú verður hún að fara.

Thulani varð dapur en hann fékk hugmynd.

Thulani: Ég sel geitina og kaupi mér kind.

Eldsnemma morguninn eftir yfirgaf Thulani húsið sitt með gömlu geitina. Hann snéri ekki aftur fyrr en vaxandi tunglið var farið að baða sig í skýjunum.

Dóra: Hvar hefur þú verið?

Thulani: Í búðinni. Ég keypti handa þér kind. Hún verður ekki til neinna vandræða.

Dóra: Við getum alla vegana selt ullina í vor.



3 atriði

Veturinn kom og alla daga þurfti Thulani að sitja yfir kindinni út í haga. Hann saknaði þess að geta ekki sofið í sólinni.

Þegar trén byrjuðu að laufgast sagði Dóra.

Dóra: Kindin er orðin of loðin. Það er komin tími til rýja hana.

Thulani náði í klippurnar og byrjaði að rýja kindina. Þegar hann vann það verk hugsaði hann með sjálfum sér

Thulani: Þetta er allt of mikil vinna fyrir mig. Ég sel ullina og kindina líka.

Næsta dag fór Thulani að heiman með kindina og lubbulegu ullina.

4 atriði

Hann seldi hvort tveggja í búðinni og keypti þrjár gæsir fyrir peningana.

„Nú verður Dóra ánægð“, hugsaði Thulani þegar hann keyrði gæsirnar heim. Gæsir éta hvað sem er.

Þegar Dóra sá þær sagði hún: „

Dóra: Thulani, við þurfum fræ en ekki gæsir. Nú er komið vor og við ættum að vera að setja niður fræ til þess að fá einhverja uppskeru. Manstu ekki að bölvuð geitin át öll fræin okkar.

Kennari: alveg eruð þig ótrúleg.

5 atriði

Strax næsta morgun hélt aumingja Thulani af stað í bæinn með gæsirnar þrjár. Hann fór rակleitt í búðina og skipti á gæsunum þremur og fræjum.

Alla leiðina heim fann Thulani hvernig fræin hoppuðu og skoppuðu í vasanum sínum.

Thulani: Núna verður Dóra loksins glöð og ánægð með mig.

Þegar hann kom heim sá hann að Dóra hafði undirbúið jarðveginn.

Thulani: Ég sái fræjunum og byrja strax í dag.

Og þegar hann byrjaði að sá fræjunum leit hann upp og sá fyrstu svölurnar flögra yfir. Sumarið var að koma og hann gat aftur farið að dorma í sólskininu.

Og brátt brutu græðlingar sér leið upp úr jarðveginum. Dóra sinnti plöntunum og sá fyrir sér stórbrotna uppskeru. En þegar plönturnar höfðu breytt úr sér hljóp hún til heim og hrópaði:

Dóra: Thulani. Komdu strax og sjáðu hvað þú hefur gert. Þú hefur sáð eintómum sólblómafræjum. Hvað geta þau gert fyrir okkur? Það eina sem þau gera er að elta sólina, allan daginn; alveg eins og þú.

Thulani leið illa yfir þessu. Það eina sem hann vildi gera var að reyna að gleðja Dóru.

Kennari: já nú geta allir leikið blómin, má ég sjá byrja niðri og upp.

Vikurnar liðu og sólblómin stækkuðu. Thulani tók eftir því að sólblómin lutu höfði og dreifðu fræjum á jörðina. Hann safnaði þeim saman og gaf hænunum að éta.

Stuttu seinna þegar Dóra fór að safna eggjum tók hún eftir því að hænurnar höfðu verpt fleiri eggjum en vanalega. Fyrst komu tvo egg aukalega og svo þrjú egg og brátt var hænsahúsið fullt af eggjum.

Dóra: Thulani, hænurnar hljóta að vera áncægðar með sólblómafræin. Þær eru farnar að verpa svo mörgum eggjum að við getum farið að selja egg.

Loksins hafði Thulani gert eitthvað af viti. Hann flýtti sér í búðina, seldi aukaegginn og keypti kind fyrir aurana. Seinna átti kindin tvö lömb.

Thulani: Ég ætla að selja kindina en halda lömbunum.

Dóra brosti. En þegar Thulani seldi kindina og keypti kú í staðinn varð Dóra himinlifandi.

Dóra: Elsku Thulani! Mikið verður gott að fá mjólk aftur.

7 atriði

Fljótlega varð Thulani svo upptekinn við að kaupa og selja húsdýr að hann hafði engan tíma til þess að liggja í leti og baða sig í sólinni.

Lífið var allt of spennandi. En alltaf fann hann sér þó tíma til að setjast niður og mjólka kúna.

Thulani: Veistu hvað, Dóra? Ég fæ mínar bestu hugmyndir þegar ég er að mjólka blessuðu kúna.

Svo hlógu þau, glöð og ánægð með lífið þegar dagur var að kvöldi kominn.

Kennari: Mikið er gaman að vinna með ykkur, þið eruð alveg rosalega hæfaleikarík. Jæja tíminn er búin í dag. Takk fyrir.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008